

Nd.

177. Breytingartillögur

[55. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87 1971, um orlof.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

3. gr. laganna orðist svo:

Orlof skal vera 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári og reiknast hálfur mánuður eða meira heill mánuður, en skemmri tími telst ekki með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær greitt kaup eða hann er í orlofi. Sunnudagar eða aðrir helgidagar teljast ekki orlofsdagar né heldur fyrstu 5 laugardagar í orlofi.

Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Orlof samkvæmt lögum þessum skal veitt í einu lagi á tímabilinu frá 2. maí til 15. september. Heimilt er í kjarasamningum stéttarféлага að kveða á um skemmra orlof á fyrrgreindu tímabili, þó að lágmarki 14 daga á sumarorlofstímabilinu, ef sérstakar rekstrarástæður gera það brýnt. Nú nýtur orlofsþegi eigi lengri orlofsréttar en lög þessi kveða á um, og skal þá sá hluti orlofsins, sem tekinn er utan orlofstímabilsins, lengjast um ¼, ef orlof er tekið utan orlofstímabilsins að ósk atvinnurekandans.